

Samstarfsnefnd um friðlandið Látrabjarg

Fundur samstarfsnefndar 11. desember 2024. Fundur hófst kl. 15:00

Fundarstaður: Teams.

Fundinn sátu Aðalheiður Pálmadóttir og Jón Pétursson f.h. landeigenda á Látrabjargi og Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar. Geir Gestsson fulltrúi Vesturbyggðar var fjarverandi.

Fundarefni:

1. Almyrkvi á sólu

Farið var yfir stöðu á samtali sem hefur átt sér stað í starfshópi Vesturbyggðar um undirbúning vegna sólmyrkvans 2026 og það sem kom fram á fundi sem nýverið var haldinn á hans vegum með þátttakendum frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, viðbragðsaðilum, Markaðsstofu Vestfjarða o.fl. Á þeim fundi kom fram vilji viðstaddra til að nýta þau tækifæri sem sólmyrkvanum fylgja til kynningar á sveitarfélaginu og því sem það hefur upp á að bjóða fyrir ferðamenn en jafnframt var rætt mikilvægi þess að stýra álagi og dreifa umferð, m.a. með því að útbúa kort af skuggavarpi fjalla og benda á fleiri góða staði en Látrabjarg þar sem upplifa má myrkvann. Ljóst er að innviðir friðlandsins munu ekki bera stórkostlegan umframfjölda fólks ef gestasókn þar verður mikil. Fulltrúi Umhverfisstofnunar lagði áherslu á það á fyrrnefndum fundi að bæði stofnunin og samstarfsnefnd friðlandsins vildu vera í virku samtali við mögulega ferðaskipuleggjendur og aðra hlutaðeigandi hvað friðlandið varðar. Samtal um sólmyrkvann er því komið af stað í sveitarfélaginu og þar er einhugur um að fyrirbyggja og undirbúningur sé lykilatíði í því að dagurinn verði öllum ánægjulegur, bæði heimafólki og gestum.

2. Innviðir og staða verkefna

Farið var yfir stöðu verkefna/framkvæmda sem framundan innan friðlandsins og í grennd.

- Vegagerð um Látravík – Jón, fulltrúi landeigenda, sagði frá því að formlegt samþykki allra landeigenda um færslu á legu vegarins um Látravík liggja fyrir og gert sé ráð fyrir að sveitarfélagið veiti Vegagerðinni framkvæmdaleyfi á næstunni. Að sögn Vegagerðarinnar sé stefnt að útboði í janúar 2025 og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist þegar frost fer úr jörðu næsta vor.
- Nýtt bílastæði á Bjargtöngum – fulltrúi Umhverfisstofnunar skýrði frá því að fjármögnun framkvæmdarinnar væri í höfn en umsókn um aukafjármagn vegna kostnaðar við aðkomu Framkvæmdasýslu ríkisins væri í ferli. Útboðsskylda er á verkefninu og vinna við það er komin af stað hjá framkvæmdasýslunni. Óformlegt leyfi Vegagerðarinnar fyrir styttingu Örlygshafnarvegur við Bjargtanga liggur fyrir en það á eftir að ganga frá formlegu samkomulagi. Sótt verður um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins þegar farið verður í útboð, vonandi fljótlega upp úr næstu áramótum. Væntingar Umhverfisstofnunar eru þær að framkvæmdir hefjist á næsta ári en eins og fram hefur komið þá eru samlegðaráhrif fólgin í fyrirhugaðri vinnu við breytingu á legu vegarins í Látravík hvað efnisöflun, -losun og malbikun varðar. Framkvæmdatími er því háður áætlunum Vegagerðarinnar ásamt því sem mögulega þarf að taka tillit til varptilrauna sportittlings en Umhverfisstofnun mun leita leiðsagnar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða hvað það varðar.
- Hönnun hringgengrar gönguleiðar – tröppur um Smáhamra
Fulltrúi Umhverfisstofnunar greindi frá því að hönnun á stígnum væri komin af stað en í ljósi sólmyrkvans telji stofnunin affarasælast að setja tröppur um Smáhamra í forgang framkvæmda. Á stígnum sem liggur um Smáhamra er mesti flöskuhálsinn á

gönguleiðinni sem liggur frá bílastæði/vita að Ritugjá og jafnframt er öryggishætta þar mest. Í dag eru þar grjótttröppur sem eru bæði brattar og skakkar þar sem alltaf er einhver hreyfing á undirlaginu. Þær þurfa mikið viðhald sem ekki hefur verið hægt að sinna nema með lítilsháttar plástrunum. Um Smáhamra er gönguleiðin því sem næst einbreið, upp- og niðurstig er hátt og tiltölulega auðvelt að slasa sig, sér í lagi fyrir þá sem ekki eru fótfráir.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar skýrði jafnframt frá því að mat stofnunarinnar sé að best fari á því að koma fyrir tröppum með burðarvirki úr svörtu stáli um hamrana, 160-180 cm breiðum, mögulega með hvíldarpalli við stefnubreytingu. Efni í þrepunum sjálfum geti verið trefjagler sem er létt og meðfærilegt en mjög sterkt. Hægt er að fá það í ýmsum litaafbrigðum svo innviðirnir falli sem best inn í umhverfi sitt en einnig gæti komið til greina að nota tré í þrep ef af verður. Innviðir sem þessir hafa gefist mjög vel á öðrum friðlýstum svæðum og hafa mun minna rask og viðhald í för með sér en grjótttröppur í bratta eins og þarna er. Slíkar tröppur þurfa nær ekkert viðhald og eru því rekstrarlega hagkvæmar. Framkvæmdin er nálægt því að vera að fullu afturkræf þ.a. ef seinna yrði tekin ákvörðun um að koma svæðinu í upprunanlegt og náttúruleg ástand sæust ekki önnur ummerki en göt þar sem undirstöður verða. Fyrirsjáanlegt er að bylta þyrfti jarðvegi mikið ef koma ætti fyrir hlöðnum tröppum m.v. landslagið og það álag sem er á gönguleiðinni auk þess sem slíkar tröppur þurfa stöðugt og kostnaðarsamt viðhald.

3. Landvarsla

Rætt var um landvörslu sumarsins 2025 og fulltrúi Umhverfisstofnunar skýrði frá því að húsnæðisskortur háí stofnuninni enn en framtíðarsýn hvað varðar landvörslu er skýr, þegar fast húsnæði hefur verið tryggt. Ljóst er að það mun ekki gerast á yfirstandandi ári. Stefnt er að því að auka eitthvað við landvörslu sumarið 2025 en það veltur, sem fyrr, á því fjármagni sem verður til skiptanna á svæðinu.

4. Önnur mál

Rætt var um staðfestingu ráðherra á stjórnunar- og verndaráætlun Látrabjargs í september sl.

Næstu skref:

1. Fulltrúi Umhverfisstofnunar sendir nefndarfólki samantekt og upplýsingar um efni í tröppum frá hönnuði.
2. Fulltrúi Umhverfisstofnunar sendir fyrirspurn til Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða varðandi hugsanlegt varp eða varptilraunir sporttillings og möguleg áhrif framkvæmda við bílastæði.
3. Fulltrúar landeigenda funda með stjórn Bjargtanga og kanna hug þeirra gagnvart því að koma fyrir tröppum eins og lýst er í öðrum fundarlið að ofan, í Smáhömrum.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 16:00